# Fimmtudagur 12. janúar

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Heiða (29).** Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri.
18.25 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Í skugga fjallsins helga.** (In the Shadow of Fujisan). **Annar þáttur – Fugl hamingjunnar.** Breskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum um náttúru- og dýralíf í Japan.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Í pokahorninu – Skapanornirnar.** Dansverk eftir Auði Bjarnadóttur. Flutt af dönsurum úr Íslenska dansflokknum.
20.40 **Taggart.** (Funeral Rites). **Útfararsiðir – Annar þáttur.** Skoskur sakamálamyndaflokkur með Mark McManus í aðalhlutverki.
21.35 **Quisling málið** (Vidkun Quisling, et liv – en rettsak). **Annar þáttur.** Heimildamynd um Vidkun Quisling sem var forningi nasistastjórnarinnar í Noregi.
23.00 **Seinni fréttir.**
23.10 **Handknattleikur.** Sýndar svipmyndir úr leik Danmerkur og Íslands sem fór fram á Eyrarsundsmótinu í Danmörku þann 11. jan.
23.45 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.

16.35 **Hinn ótrúlegi Nemo kapteinn.** Ævintýramynd sem byggir á sögu eftir Jules Verne um ferðir uppfinningamannsins Nemo kapteins á kafbáti sínum, Nátilusi. Aðalhlutverk: Jose Ferrer, Tom Hallick, Burgess Meredith og Mel Ferrer.
18.15 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
18.30 **Gagn og gaman.** Fræðandi teiknimyndaflokkur. Þar sem tæknivæðing mannsins er útskýrð á einfaldan og skemmtilegan máta.

18.40 **Handbolti.** Fylgst með 1. deild karla í handbolta.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.** Þá er hún Jessica mætt aftur til leiks. Í þessum þætti heimsækir hún frægan leikritahöfund. Hún er rétt komin þegar óvæntir atburðir knýja dyra. Að venju tekur Jessica málin í sínar hendur og leiðir þau til lykta af sinni alkunnu snilld.
21.15 **Forskot á Pepsí popp.** Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.

21.25 **Þrieykið.** Rude Health. Ný bresk og hárbeitt framhaldsmynd í ætt við íslensku þættina Heilsubælið í Gervahverfi. Þættirnir gerast á læknastofu þar sem hið ótrúlega getur gerst. Aðalhlutverk: John Wells, John Bett og Paul Mari.
21.50 **Tony Rome.** Tony er ungur og glæsilegur piparsveinn sem býr einsamall í skemmtibát við Flórída. Kvöld nokkurt býður hann ölvaðri dóttur auðkýfings með sér heim en uppgötvar að hún hefur glatað dýrmætum demanti sem hún bar. Hlutverk piparsveinsins er að endurheimta steininn. Aðalhlutverk: Frank Sinatra, Jill St. John og Richard Conte. Ekki við hæfi barna.
23.35 **Eldrautt einræði.** The Red Monarch. Myndin Rautt einræði er gamanmynd, en gamanið er grátt því viðfangsefnið tengist hinu ógnvekjandi Stalínstímabili í Sovétríkjunum. Hún segir frá hinu furðulega tvíeyki Stalín og Bería, fylgifiski hans. Aðalhlutverk: Colin Blakely, David Suchet og Carroll Baker.
1.20 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.**
8.30 **Hinir smáu.** Teiknimynd.
9.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
10.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
11.00 **Poppþáttur.**
11.40 **Ungt fólk í Evrópu.**
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Spyrjið dr. Ruth.**
13.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Star Come.** Teiknimynd.
15.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Gidget.** Gamanþáttur.

17.30 **Mig dreymir um Jeannie.** Gamanþáttur.
18.00 **Family Affair.** Gamanþáttur.
18.30 **Neyðartilfelli.** Sakamálaþáttur.
19.30 **Fantasy Island.** Þrjár stuttar sjónvarpsmyndir.
21.00 **Skíði.** Nýjustu fréttir af skíðamótum í Evrópu.
22.00 **Rall** París til Dakar.
22.15 **Fjölbragðaglíma.**
23.15 **Popp.** Kanadískur þáttur.
24.00 **Pláneturnar.** Klassísk tónlist.
1.20 **fiðlukonsert eftir Mozart.**
01.45 **Sinfónía nr. 8 eftir Bruckner.**
3.00 **Tónlist og landslag.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hulda Hrönn M. Helgadóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** „Lyklabarn" eftir Andrés Indriðason.
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í garðinum með Hafsteini Hafliðasyni.**
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Jón Gauti Jónsson á Sauðárkróki.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Kvikmyndaeftirlit. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Æfingatími" eftir Edvard Hoem. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson les (6).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Fimmtudagssyrpa.** Magnúsar Einarssonar. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit:** „Lausnargjald fyrir lík" gamanleikur eftir Peter Gauglitz.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.**
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Konsert í D-dúr Op.61 fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Ludwig van Beethoven.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
19.55 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
20.00 **Litli barnatíminn.** (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** Samnorrænir tónleikar í Berwaldhallen í Stokkhólmi 11. nóvember sl. Sinfóníuhljómsveit sænska útvarpsins leikur. Stjórnandi: Esa-Pekka Salonen.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Tyrkland,** – þar sem austur og vestur mætast. Síðari þáttur. Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Hallur Helgason.
23.10 **Fimmtudagsumræðan.**
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.) Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 91,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
9.03 **Viðbit** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
10.05 **Morgunsyrpa.** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls. Sigurður Þór Salvarsson tekur við athugasemdum og ábendingum hlustenda laust fyrir kl. 13.00 í hlustendaþjónustu Dægurmálaútvarpsins og í framhaldi af því kvikmyndagagnrýni.
14.00 **Á milli mála** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Meðal efnis: „Kista Drakúla" eftir Dennis Jürgensen í útvarpsleikgerð Vernharðs Linnets. Annar þáttur. (Áður flutt í Barnaútvarpinu.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Fjórði þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Tónlist sem gott er að vakna við, litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð Bylgjutónlist hjá Valdísi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð stemmning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur og Bylgjuhlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.**
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson. Tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
20.00 **Brimkló saman á ný.** Ásgeir Tómasson rekur feril þessarar geysivinsælu hljómsveitar, ræðir við meðlimi hennar og leikur nokkur af fjölmörgum topplögum. Þessi þáttur er fluttur í tilefni af því að Brimkló kemur nú saman á nýjan leik og verður í Broadway næstu mánuði.
22.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.

## Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7

8.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** og morguntónarnir. Hafdís spilar bestu morguntónlist sem völ er á og síminn er opinn, 625511.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Snorri Sturluson** og lögin sem eiga við alla, alls staðar. Síminn er 625511.
17.00 **Linda Mjöll Gunnarsdóttir** og tónaflóð.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Marinó V. Marinósson.** Kvöld með þessum manni er ógleymanlegt.
22.00 **Ásgeir Páll Ágústsson**, hinn ágæti. Ásgeir Páll spilar hressilega tónlist að kvöldi fimmtudags og setur fólk í réttar stellingar fyrir daginn sem framundan er, föstudag.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa** með erindi **til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá orði lífsins. Umsjón: Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
20.00 **Ábending.** Hafsteinn Guðmundsson spilar blandaða tónlist.
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
22.00 **Miracle.**
22.15 **Ábending.** Frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

13.00 **Framhaldssagan.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Laust.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Tónlist.**
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **OPIÐ.**
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssagan.** E.
22.00 **Opið hús í beinni útsendingu á kaffistofu Rótar og boðið upp á kaffiveitingar og skemmtidagskrá.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Sveins Ólafssonar, Gunnars L. Hjálmarssonar og Birgis Baldurssonar. E.
2.00 **Dagskrárlok.**

## ÚTRÁS

16.00 **IR.**
18.00 **MS. Jörundur Matthíasson og Steinar Höskuldsson.**
19.00 **MS. Þór Melsteð.**
20.00 **FÁ. Huldumennirnir í umsjá Evalds og Heimis.**
21.00 **FÁ. Síðkvöld í Ármúlanum.**
22.00–01.00 **MR. Útvarpsnefnd MR og Valur Einarsson.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## Hljóðbylgjan Akureyri FM 101,8

7.00 **Kjartan Pálmarsson** leikur tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og lítur í dagblöðin.
9.00 **Rannveig Karlsdóttir** með góða tónlist og kemur öllum í gott skap. Afmæliskveðjurnar og óskalögin á sínum stað.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** á dagvaktinni leikur blandaða tónlist við vinnuna. Tónlistarmaður dagsins tekinn fyrir.
17.00 **Kjartan Pálmarsson** leikur létta tónlist. Tími tækifæranna er kl. 17.30–17.45, sími 27711.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** gerir tónlist sinni góð skil.
22.00 **Þráinn Brjánsson** leikur rólega tónlist fyrir svefninn.
24.00 **Dagskrárlok.**

### Stöð 2 kl. 20.30 – Morðgáta:

# Bónorðið



Jessica Fletcher ræður enn eina morðgátuna í kvöld.

Hvar sem Jessica Fletcher lætur sjá sig er framið morð. Í þessum þætti fylgjast sjónvarpsáhorfendur með því þegar henni er boðið að eyða fáeinum dögum með Eugene McLendon, frægu leikritaskáldi, undir því yfirskini að hún lesi yfir nýjasta verk hans.

En ekki er allt sem sýnist og undrun Jessicu verður mikil þegar leikritaskáldið biður hennar og játar jafnframt að hann eigi ekki nema fáa mánuði ólifaða.

Stuttu síðar ber fleiri gesti að garði og fljótlega eftir það uppgötvar Jessica að ráðskona rithöfundarins geymir eitur í einum eldhússkápnum. Hún hvetur því vin sinn til að fara í blóðprufu og þá uppgötvast að reynt hefur verið að eitra fyrir Eugene í nokkurn tíma. En hver hefur ástæðu til að reyna að ryðja honum úr vegi? Það skýrist örugglega í þættinum. -J.Mar

### Rás 1 kl. 15.03:

# Lausnargjald fyrir lík

Síðdegisleikrit rásar 1 er að þessu sinni eftir Peter Gauglitz.

Sommerset lávarður er nýlátinn af slysförum. Erfingjar hans komast að því að ættarauðurinn er farinn veg allrar veraldar. Tengdadótturinni hefur þó komið það snjallræði í hug að með því að selja það sem eftir er af ættarskartinu upp í skuldir megi stofna til nýrra skulda og breyta kastalanum í nýtísku hótel fyrir ríka snobbara.

James ráðsmanni verður ekki um sel þegar hann heyrir þessar fáránlegu hugmyndir en þegar honum er tjáð að ekki sé óskað eftir þjónustu hans lengur ákveður hann að grípa til sinna ráða.

Þýðingu verksins annaðist Jón Viðar Jónsson, leikstjóri er María Kristjánsdóttir. Leikendur eru Karl Guðmundsson, Harald G. Haraldsson, Sigurður Skúlason, Margrét Ákadóttir, Árni Tryggvason, Hjálmar Hjálmarsson, Þórarinn Eyfjörð, Gunnar Rafn Guðmundsson og Steindór Hjörleifsson.

Athygli skal vakin á breyttum endurflutningstíma leikrita. Leikrit vikunnar eru endurtekin síðdegis á fimmtudögum, kl. 15.03. Stærri og viðameiri leikrit, sem flutt verða fyrsta laugardag hvers mánaðar, verða endurtekin rúmri viku síðar, á sunnudagskvöldum kl. 19.30. J.Mar



Það er sjálfur Frank Sinatra sem fer með eitt aðalhlutverkið í myndinni Tony Rome.

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Tony Rome

Tony er ungur og glæsilegur piparsveinn sem býr í skemmtibát á Flórída. Kvöld eitt gerir hann vini sínum þann greiða að taka ölvaða dóttur auðkýfings með sér heim. Þegar þangað er komið uppgötvast að hún hefur tapað dýrmætum demanti sem hún bar. Hlutverk Tony verður því að reyna að endurheimta demantinn.

Leikurinn berst víða, allt frá höllum auðkýfinganna til ömurlegustu fátækrahverfa Miami. Tony flækist í félagsskap eiturlyfjaneytenda og er eltur af glæpalýð borgarinnar í leit sinni að steininum dýra.

Þetta er spennumynd allt frá upphafi til enda.

Með stærstu hlutverk fara Frank Sinatra, Jill St. John og Richard Conte. -J.Mar